

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 10. apríl 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 396, 9. júlí 1996.

*Iðnaðarráðuneytinu, 8. apríl 1997.*

F. h. r.

**Sveinn Þorgrímsson.**

---

*Steinunn Bjarman.*

24. mars 1997

Nr. 222

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000, Hvaleyrarholt/Hvaleyrarhraun.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. janúar 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000 frá 8. desember 1982 ásamt síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að hringtengd safngata, Miklaholt, er felld niður og íbúðarsvæði minnkað, þannig að íbúðum er fækkað úr 200 í 77. Einnig er gert ráð fyrir smáhýsum til útleigu fyrir ferðamenn og merkt er opið svæði til sérstakra nota.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. mars 1997.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*

20. mars 1997

Nr. 223

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Aðaldælahrepps.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Aðaldælahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 18. desember 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Aðaldælahrepps, þ. e. staðfestum yfirlitsuppdrætti Hafnalækjarhverfis frá 25. nóvember 1991, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að tveimur íbúðarhúsalóðum er breytt í leikskólalóð og fallið er frá því að setja leikskóla á svæði vestan Víðigerðis.

Sveitarstjórn Aðaldælahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. mars 1997.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*